



FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

20. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn 3. maí 2021 kl. 20 að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Fundinn sátu stjórnin Árni Eiríksson formaður, Eggert Valur Guðmundsson varaformaður og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Einnig situr fundinn safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. Ársreikningur 2020. Ársreikningurinn var lagður fram á síðasta stjórnarfundi. Ársreikningurinn var undirritaður af stjórn og safnstjóra.
2. Ársskýrsla Byggðasafns Árnesinga 2020. Ársskýrsla vegna ársins 2020 var staðfest.
3. Fjárfestingaáætlun til næstu fimm ára. Safnstjóri lagði fram drög að fjárfestingaáætlun Byggðasafns Árnesinga til næstu fimm ára.
4. Fjárhagsleg staða. Yfirlit verður sent stjórn þegar apríl hefur verið bókaður.
5. Flutningar. Nú líður senn að lokum framkvæmda í Búðarstíg 22. Starfsmenn safnsins eru að undirbúa flutninga safnkosts og skrifstofu úr Hafnarbrú 3 í Búðarstíg 22. Þegar öryggiskerfið hefur verið virkjað í Búðarstíg 22 hefst flutningur safnkostsins. Safnstjóri hefur sagt upp leigu að Hafnarbrú 3 sem tekur gildi 31. júlí næstkomandi.
6. Viðgerðir og viðhald húseigna. Safnstjóri skýrði frá væntanlegum viðhaldsframkvæmdum við húsakynninn á þessu ári. Lagfærð hefur verið aksturshurð að Hafnarbrú 3. Við Assistentahúsið þarfnast strompur viðgerðar, sömuleiðis rennur og gluggar. Í glugga á Húsinu, Assistentahúsinu, Eggjaskúrnum og Kirkjubæ stendur til að setja UV-öryggisfilmur til hlífðar safnkosti. Fyrir liggur 600 þúsund kr. tilboð í verkið. Framkvæmdir þessar rúmast innan rekstraráætlunar ársins.
7. Sumarsýningin Missir nefnist sýning sem opnar í borðstofu Hússins snemma í júní. Fjallað er um tilfinningaþrungna safnmuni og ljósmyndir. Sýningarstjóri er Linda Ásdísardóttir. Sýningin er fullfjármögnuð með styrkjum frá Safnasjóði og Uppbyggingarsjóði Suðurlands.
8. Eyri. Þjóðminjasafn Íslands hefur keypt húsið Eyri á Eyrarbakka. Óformlegar viðræður hafa farið fram um að Byggðasafn Árnesinga taki að sér daglegan rekstur Eyrar.
9. Starfsemin. Safnstjóri sagði frá starfinu síðan í mars. Faglegir starfsmenn safnsins hafa unnið að skráningu. Freyja Katra Erlingsdóttir myndlyklar ljósmyndir og safngripi fyrir Sarp með styrk frá Safnasjóði. Töluverður tími safnstjóra hefur farið í samskipti við byggingastjóra vegna framkvæmda við Búðarstíg 22. Safnstjóri og safnvörður settu upp sýninguna Ljósmyndir Sigurðar kaupmanns fyrir páska og hefur aðsókn verið með ágætum miðað við áhrif heimsfaraldursins. Undirbúningur er hafinn að gerð sumarsýningar sem opnar um miðjan júní. Safnstjóri hefur ráðið í sumarstörf. Þegar framkvæmdum lýkur við Búðarstíg 22 og búið að virkja öryggiskerfið hefst flutningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og fundi slitið kl. 21,30.

Árni Eiríksson
Eggert Valur Guðmundsson
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir
Lýður Pálsson